


Alþingi
Erindi nr. P 143/651
komudagur 11.12.2013



Alþingi við Austurvöll
Umhverfis- og skipulagsnefnd
150 Reykjavík

Reykjavík 11. desember 2013

Umsögn um frumvarp umhverfis- og auðlindaráðherra. Frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

Ný lög um náttúruvernd, nr. 60/2013, fela í sér mikilvægar réttarfarslegar bætur. Munar þar mestu um að meginreglur umhverfisréttarins, varúðarreglan og greiðslureglan, eru leiddar í lög.

Varúðarreglan felur í sér að „Ef hættu er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.”

NASF telur brýnt að varúðarsjónarmið verði ráðandi þegar metin eru umhverfisáhrif laxeldis við strendur landsins eða áhrif virkjana á laxagöngur.

NASF fagnar nýrri og endurskoðaðri 37. gr. gildandi laga frá 1999, nú 57. gr., um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja eins og

- votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 10.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur,
- birkiskógar sem einkennast af náttúrulegri nýliðun og aldursdreifingu, þar sem eru m.a. gömul tré og þar sem vex dæmigerður botngróður birkiskóga, svo og leifar slíkra skóga.

Ennfremur, njóta sérstakrar verndar:

- eldvörp, eldhraun, gervígígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma,
- fossar og umhverfi þeirra í allt að 200 metra radíus frá fossbrún,
- hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Orðalag nýju laganna er mun skýrara og afdráttarlausara en í gömlu lögnum frá 1999 um náttúruvernd. Í staðinn fyrir „skal forðast röskun þeirra eins og kostur er” segir í nýju lögnum: „Óheimilt er að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til og sýnt þyki að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.”

Í 57. gr. laga nr. 60/2013 er vísað til c. liðar 3. gr. nýju laganna um) (Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni.

[...]

c. að vernda vatnsfarvegi, fossa og stöðuvötn svo sem kostur er,

Ákvæði 3. gr. og 57. gr. laga nr. 60/2013 eru nú studd varúðarreglunni. Mjög bagalegt væri ef nýju náttúruverndarlögin öðlast ekki gildi á tilsettum tíma. Standi vilji löggjafans til að endurskoða og breyta einstökum ákvæðum laganna til bóta fyrir náttúruvernd er það virðingarvert en að afturkalla lögin væri ekki í samræmi við nútímahugmyndir um náttúrunýtingu og náttúruvernd.

Virðingarfyllst,

f.h. NASF, Verndarsjóðs villtra laxastofna



Orri Vigfússon.